



2. Fundur byggðaráðs Blönduósbæjar föstudaginn 11. júlí 2014, kl. 16:00.

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a. Félags-og skólaþjónustu frá 12. júní 2014
 - b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. júní 2014
 2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 4. júlí 2014
 3. Bréf frá Skáksambandi Íslands dags. 25. júní 2014
 4. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 18. júní 2014
 5. Erindi frá Textílsetrinu ses. ódags.
 6. Bréf frá Leikskólanum Barnabæ dags. 26. júní 2014
 7. Bréf frá Veidifélagi Blöndu og Svartár dags. 24. júní 2014
 8. Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 4 mánuði ársins
 9. Erindisbréf nefnda á vegum Blönduósbæjar
 10. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Félags-og skólaþjónustu frá 12. júní 2014
*Byggðaráð óskar nýjum fræðslustjóra Hörpu Hermannsdóttir til hamingju með starfið.
Lögð fram til kynningar*
 - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. júní 2014
Lögð fram til kynningar
2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 4. júlí 2014
Samkvæmt ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi hennar 27. júní sl., er boðað til XXVIII. landsþings sambandsins á Akureyri daganna 24. til 26. september 2014.



Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar, ásamt sveitarstjóra fara á þingið fyrir hönd Blönduósbæjar.

3. Bréf frá Skáksambandi Íslands dags. 25. júní 2014

Skáksamband Íslands var stofnað í „Læknabústaðnum“ á Blönduósi 23. júní 1925 fyrir 89 árum og tengist því Blönduósi sögulegum böndum. Á næsta ári fagnar Skáksamband Íslands því 90 ára afmæli. Skáksambandið hefur farið þess á leit við sveitarfélagið að halda upp á 90 ára afmæli á Blönduósi árið 2015.

Byggðarráð tekur vel í erindið og vísar því til menningar-, tómstunda- og íþróttanefnd Blönduósbæjar til frekari afgreiðslu.

4. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 18. júní 2014

Í 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga er vikið að fjárhagsáætlunum og mikilvægi þess að um bindandi ákvörðun er að ræða vegna fjármálanna. Í 63. gr. laganna er fjallað um viðauka við fjárhagsáætlun en þar segir að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina.

Lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá Textílsetrinu ses. ódags.

Óskað er eftir styrk til að halda fjórðu ráðstefnu um stuttrófukyn sauðfjár í Norður-Atlantshafi. Ráðstefnan verður haldin í Félagsheimilinu á Blönduósi, daganna 4-8. sept. 2014.

Byggðaráð samþykkir 150.000 kr. styrk til Textílsetursins ses. vegna ráðstefnuhaldsins.

Byggðaráð samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 150.000 kr. sem fjármagnaður verði af eigin fé Blönduósbæjar.

6. Bréf frá Leikskólanum Barnabæ dags. 26. júní 2014

Forsvarsmenn leikskólans gera ráð fyrir að mótuneytiskostnaður muni fara fram úr fjárhagsáætlun 2014.

Byggðaráð þakkar fyrir góða eftirfylgni með rekstri leikskólans og mun byggðaráð bregðast við ef sýnt þykir að vandinn leysist ekki innan rekstrarársins.

7. Bréf frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár dags. 24. júní 2014

Stjórn félagsins hefur farið yfir og endurgert atkvæðaskrá félagsins. Í atkvæðaskrá félagsins kemur m.a. fram að Blönduósbær hefur ekkert atkvæði í veiðifélaginu frá því sem áður var. Veiðiréttarhafar sem telja athugasemda þörf, hafi samband við formann félagsins fyrir 31. ágúst n.k.



Byggðaráð lýsir furðu yfir þeirri ráðstöfun stjórnar að svipta Blönduósbæ atkvæðarétt í Veiðifélagi Blöndu og Svartár, sérstaklega í ljósi þess að Blönduósbær á um 11,6% hluta í arðskrá félagsins. Byggðaráð felur sveitarstjóra að kanna og meta réttindi sveitarfélagsins í málinu.

8. Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 4 mánuði ársins

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti yfirlit yfir rekstur fyrstu 4 mánuði ársins.

Byggðaráð samþykkir að framvegis verður lögð fram og kynnt rekstrarstaða sveitarfélagsins ársfjórðungslega.

9. Erindisbréf nefnda á vegum Blönduósbæjar

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti erindisbréf nefnda á vegum sveitarstjórnar.

Byggðaráð samþykkir að vísa erindisbréfunum til nefndanna til umsagnar.

10. Önnur mál

a) Loftræsting í stofu í Íþróttamiðstöð

Sveitarstjóri kynnti áætlun tæknideildar vegna loftræstingar í kennslustofu.

Byggðaráð samþykkir að fara í framkvæmdina og felur sveitarstjóra að afla upplýsingar um endanlegan kostnað yfir framkvæmdina svo hægt sé að ganga frá málinu með viðeigandi viðauka.

b) Reiðvegur með Svínvetningabraut

Vegagerðin hefur nú hafist handa við að endurbyggja og lagfæra Svínvetningabraut með því að leggja bundið slitlag áleiðis fram í Svínadal. Frá hesthúsahverfinu meðfram Svínvetningabraut er mikil umferð hestamanna þar sem þetta er vinsæl rekstrarleið með hross. Í ljósi þessa leggur Blönduósbær mikla áherslu á að í tengslum við þessa framkvæmd verði gerður reiðvegur með henni sem verði afmarkaður frá bílaumferð með girðingu.

c) Bréf frá Tónlistarskólanum á Akureyri

Tekið fyrir erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri frá síðasta fundi. Tónlistarskólinn hefur borist umsókn um tónlistarnám frá einstaklingi sem er með lögheimili á Blönduósi. Óskað er eftir því að lögheimilisveitarfélagið greiði kostnaðinn.

Byggðaráð samþykkir erindið og sveitarstjóra falið að kanna endanlegan kostnað við verkefnið.

d) Brimslóð 8



Tekið fyrir erindi vegna Brimslóðar 8 frá síðasta fundi. Sveitarstjóri kynnti tilboð sem hann hefur gert lögmanni lóðarhafa.

Byggðaráð samþykkir tilboðið fyrir sitt leyti. Næstu skref verða ákveðin þegar svör berast frá lögmanninum.

e) Atvinnumál

Byggðaráð ræddi atvinnumál. Meðal annars var rætt um væntingar byggðaráðs til nefndar um atvinnumál í A-Hún. sem skipuð verður af stjórnvöldum og sveitarstjórnunum í héraði.

f) SSNV

Byggðaráð fjallaði um málefni SSNV og samþykkti eftirfarandi bókun.

„Byggðaráð Blönduós hvetur stjórn SSNV til virkari samskipta við sveitarstjórnir með aukinni upplýsingagjöf. Nauðsynlegt er að fundargerðir stjórnar verði aðgengilegar á vef SSNV mun fyrir en tíðkast hefur og sveitarstjórnir verði upplýstar um t.d. skipulagsbreytingar, starfsmannamál ofl. Byggðaráð Blönduós óskar eftir að stjórn SSNV skýri sérstaklega þá ákvörðun sína, að því er virðist, að leggja niður starf atvinnuráðgjafa á Blönduósi án kynningar og samráðs við sveitarstjórn.“

g) Skrapatungurétt

Rætt var um Skrapatungurétt og fyrirhugaðar framkvæmdir á réttinni í sumar.

Fundi slitið 21:15

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)